

## Til öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða.

Ákveðið hefur verið að halda á Akureyri, tveggja daga námskeið um vinnuvernd fyrir **öryggistrúnaðarmenn, öryggisverði** og aðra þá er áhuga kunna að hafa, ef næg þátttaka fæst.

Námskeiðið stendur frá kl. 9-16, dagana **7. og 8. október n.k.**

Námskeiðið er byggt á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og reglugerð nr. 920/2006. Efni þess er m.a.:

- Gerð áhættumats
- Markmið vinnuverndar - starfsumhverfið.
- Skipulag vinnuverndarmála á vinnustað.
- Ábyrgð: atvinnurekenda, starfsmanna og verkstjóra.
- Kröfur til húsnæðis vinnustaða.
- Inniloft og líðan fólks - Loftræsting - varasöm efni.
- Lýsing.
- Vélar - tæki.
- Líkamsbeiting við vinnu.
- Atvinnusjúkdómar - vinnuslys.
- Samskipti á vinnustað og fl.

Að venju verður leitast við að aðlaga efnið að þörfum þátttakenda, þ.e. fjallað er um það sem þeim kemur að gagni á vinnustað sínum, og munu þátttakendur því velja hluta af viðfangsefni dagsins, og gæti upptalningin hér að ofan þess vegna tekið breytingum á námskeiðinu.

Leiðbeinendur eru starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins.

Þátttökugjald 28.000 kr. er innheimt hjá atvinnurekanda. Æskilegt er að skila beiðni frá fyrirtæki eða atvinnurekanda. Innifalið er námsgögn og kaffi.

Í 24. gr. reglugerðar nr. 920/2006 segir: „Atvinnurekandi skal sjá um að öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn fái viðeigandi fræðslu og þjálfun með því að sækja námskeið varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem gera þessum aðilum kleift að afla sér grunnþekkingar á málum er snerta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á viðkomandi vinnustað.“

**Ennfremur í 9. gr Vinnuverndarlaganna.:** „Atvinnurekandi ber kostnað vegna starfs að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi og bætir þeim, sem að því vinna, tekjutap, sem af kann að hljótask.“ Af þessu leiðir að þeir sem kjörnir eru eða tilnefndir til að sinna vinnuverndarmálum fá laun meðan þeir sitja námskeiðið.

**Frekari upplýsingar og skráning á skrifstofu Vinnueftirlits ríkisins á Akureyri.**

**Sími: 460 6800 eða netfang: n-eystra@ver.is**